



Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Jafnréttisáætlun

Inngangur

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum (hér eftir nefndur FÍV) telur mikilvægt að nýta til jafns þá auðlegð sem felst í menntun, reynslu og viðhorfum bæði karla og kvenna.

Jafnréttisáætlun þessi er mótuð með tilliti til Stjórnarskrár Íslandi þar sem m.a. kemur fram að „konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna“. Hún er einnig unnin í samræmi við ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 þar sem m.a. kemur fram að gæta skuli jafnréttissjónarmiða og vinna beri að kynjasambættingu í stefnumótun og ákvörðunum á öllum sviðum samfélagsins og að efla eigi fræðslu um jafnréttismál.

Jafnréttisáætlun skólans er ætlað að stuðla að jafnri stöðu og virðingu allra innan skólans og minna starfsfólk, nemendur og stjórnendur á mikilvægi þess að allir fái notið sín án mismununar. Hvers kyns mismunun sem byggð er á kynferði, kynhneigð, fötlun, lífsskoðunum, menningu, efnahags, trúarbrögðum eða þjóðerni er óheimil, í hvaða formi sem hún kann að birtast og skal vinna markvisst gegn henni

Áætlunin er í þremur hlutum. Fyrst er fjallað um ábyrgð og hlutverk jafnréttisnefndar og jafnréttisfulltrúa FÍV. Síðan er fjallað um helstu áherslur FÍV í jafnréttismálum og hvernig unnið er að markmiðum skólans að efla jafnrétti og jafnréttisstarf á öllum sviðum hans, fyrst sem vinnustaðar og síðan sem menntastofnun.

1. hluti – Hlutverk og ábyrgð jafnréttisnefndar og jafnréttisfulltrúa

Innan FÍV starfar jafnréttisnefnd sem skipuð er til tveggja ára í senn. Í jafnréttisnefnd skulu sitja eigi færri en tveir einstaklingar. Á starfsmannafundi 18.ágúst 2015 voru þau Ólafur Týr Guðjónsson og Thelma Björk Gísladóttir valin í nefndina til næstu tveggja ára. Hlutverk nefndarinnar er meðal annars að fylgjast með stöðu jafnréttismála FÍV, móta stefnu og áætlanir hans í jafnréttismálum og vera ráðgjafandi fyrir jafnréttisfulltrúa skólans. Í starfi sínu hafi nefndin til hliðsjónar jafnréttisáætlun mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Stjórnarráðs og lög og reglugerðir sem við eiga.

Helstu verkefni nefndarinnar eru að:

- að endurskoða jafnréttisstefnu skólans á a.m.k. tveggja ára fresti
- að hafa eftirlit með að farið sé að lögum og reglum í jafnréttismálum og að jafnréttisáætluninni sé fylgt eftir
- vera til ráðgjafar við gerð aðgerðaáætlana, ef þess er óskað
- fylgjast með framgangi verkefna innan skólans sem kveðið er á um í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum
- hafa yfirsýn yfir lög og reglur stjórnvalda um jafnréttismál kynjanna og fylgjast með breytingum á þeim
- fylgjast með umræðu um jafnréttismál eftir því sem við verður komið
- standa að fræðslu um jafnréttismál fyrir stjórnendur og annað starfsfólk
- halda uppi umræðu og fræðslu um jafnréttismál og koma á framfæri hugmyndum sem stuðla að auknu jafnrétti
- hvetja til þess að grunnþátturinn jafnrétti verði raungerður í öllu starfi skólans



Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Innan FÍV starfar jafnréttisfulltrúi. Á starfsmannafundi 18.ágúst 2015 var Samúel Bjarnason valin sem jafnréttisfulltrúi skólans. Hlutverk hans er að fjalla um og hafa eftirlit með jafnréttisstarfi í skólanum og skólastarfinu sbr. lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Hann skal vinna að og senda frá sér árlega greinargerð um jafnréttisstarf skólans svo sem lög gera ráð fyrir. Jafnréttisfulltrúi á sæti í jafnréttisnefnd og í vinnuhópi sem sér um gerð jafnréttisstefnu skólans. Hann hefur einnig það verk að vera ráðgefandi fyrir starfsfólk og nemendur skólans um málefni er snúa að jafnrétti og veita Jafnréttisstofu upplýsingar sem snúa að jafnréttisstarfi skólans, sbr. 4. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.

2. hluti – Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum sem vinnustaður

Allar mikilvægar ákvarðanir sem varða starfsfólk skulu metnar út frá jafnréttissjónarmiði.

Helstu markmið og leiðir

Í jafnréttisáætlun FÍV er lögð áhersla á jafnan rétt kvenna og karla til launa, stöðuveitinga, starfa og þátttöku í nefndum og ráðum. Jafnframt er áréttað mikilvægi þess að bæði kyn fái notið starfsþjálfunar og endurmenntunar að jöfnu. Auglýsingar, upplýsingagjöf, kynbundið ofbeldi, kynferðisleg- og kynbundin áreitni og tengsl við starfsmannastefnu eru einnig viðfangsefni jafnréttisáætlunar skólans.

Launajafnrétti

Við ákvörðun launa skal þess gætt að kynjum sé ekki mismunað. Konum og körlum skulu greidd jöfn laun og skulu njóta sömu kjara fyrir jafn verðmæt og sambærileg störf og að kynjajafnréttis sé gætt við úthlutun hvers konar þóknunar og hlunninda, beinna og/eða óbeinna. Einnig skulu kynin njóta sömu kjara hvað varðar lífeyris-, orlofs- og veikindarétt og hvers konar önnur starfskjör eða réttindi sem metin verða til fjár sbr. 19. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.

Markmið	Ábyrgð	Aðgerð	Eftirfylgni/tími
Að karlar og konur njóti sömu kjara fyrir sambærileg og jafnverðmæt störf.	Skólameistari	Viðmið við ákvörðun launa sé skýr og öllum ljós	Stöðumat árlega.
	Jafnréttisfulltrúi Jafnréttisnefnd	Fá reglulega upplýsingar frá stjórnendum FÍV	
	Jafnréttisfulltrúi	Fylgjast með hvað gert er í öðrum skólum.	

Þátttaka í nefndum og ráðum

Unnið skal markvisst að því að jafna fjölda kvenna og karla í nefndum og ráðum á vegum skólans. Þegar óskað er eftir tilnefningum í nefndir og ráð skal farið fram á að tekið sé mið af 15. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008, en þar segir:

Við skipun í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skal þess gætt að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða. Þetta gildir einnig um stjórnir opinberra hlutafélaga og fyrirtækja sem ríki eða sveitarfélag er aðaleigandi að. Þegar tilnefnt er í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skal tilnefna bæði karl og konu. Tilnefningaraðila er heimilt að víkja frá skilyrði 1. málsl. þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að ekki er mögulegt að tilnefna bæði karl og konu. Skal



Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

tilnefningaraðili þá skýra ástæður þess. Skipunaraðila er heimilt að víkja frá ákvæði 1. mgr. ef undanþáguheimild 2. mgr. á við.

Markmið	Ábyrgð	Aðgerð	Eftirfylgni/tími
Að jafn margir karlar og konur sitji í nefndum og ráðum á vegum skólans.	Skólameistari Aðstoðarskólameistari Jafnréttisfulltrúi	Tilnefningaraðilum sé gert að tilnefna einstaklinga af báðum kynjum.	Jafnréttisnefnd kynnir stöðuna fyrir stjórnendum og starfsfólki í upphafi hverrar annar (september og janúar ár hvert).

Auglýsingar og upplýsingagjöf

Í auglýsingum skulu störf vera ókyngreind og höfða til beggja kynja. Þegar birtar eru tölfraðilegar upplýsingar á vegum skólans skulu þær jafnan kyngreindar, eftir því sem við á.

Markmið	Ábyrgð	Aðgerð	Eftirfylgni/tími
Auglýsingar innan skólans séu ókyngreindar og höfði til beggja kynja.	Húsvörður Jafnréttisfulltrúi Fulltrúi nemenda	Fara vikulega yfir auglýsingatöflur skólans.	Jafnréttisfulltrúi fylgist með að aðgerðir eigi sér stað og fer yfir stöðuna tvisvar á ári og upplýsir jafnréttisnefnd.
Að auglýsingar séu ókyngreindar og höfði til beggja kynja.	Skólameistari Aðstoðarskólameistari	Farið yfir auglýsingar sem fara frá skólanum.	
Að tölfraðilegar upplýsingar séu kyngreindar eftir því sem við á.	Skólameistari Aðstoðarskólameistari	Leitast við að kyngreina upplýsingar á vef og fréttatilkynningum	

Stöðuveitingar og störf

Jafnréttissjónarmið á að meta til jafns við önnur mikilvæg sjónarmið sem ráða við stöðuveitingar. Stefnt skal að því að halda sem jöfnustu hlutfalli kynja í störfum innan skólans. Þess verði gætt að einstaklingum sé ekki mismunað vegna kynferðis við úthlutun verkefna eða þegar teknar eru ákvarðanir um framgang í störfum. Jafnframt skulu bæði kyn njóta sömu tækifæra til að axla ábyrgð.

Markmið	Ábyrgð	Aðgerð	Eftirfylgni/tími
Að jafna fjölda karla og kvenna í sambærilegum störfum í skólanum.	Skólameistari Aðstoðarskólameistari	Samantekt á kynjahlutföllum allra starfshópa skólans ásamt yfirliti yfir auglýst störf, umsækjendur og ráðningar. Fylgjast markvisst með úthlutun verkefna og tilfærslum innan skólans.	Jafnréttisnefnd fer yfir stöðuna árlega í árslok.

Starfsþjálfun og endurmenntun

Konur og karlar skulu njóta sömu möguleika til endurmenntunar og starfsþjálfunar. Til að tryggja að svo megi vera þarf að skýra endurmenntunarstefnu skólans í starfsmannastefnu og safna skipulega upplýsingum um endurmenntun starfsfólks. Leitast þarf við að höfða til beggja



Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

kynja í tilboðum er lúta að starfsþjálfun og endurmenntun. Starfsfólk skal reglulega fá fræðslufundi og námskeið sem snerta jafnrétti.

Markmið	Ábyrgð	Aðgerð	Eftirfylgni/tími
Að konur og karlar njóti sömu möguleika til starfsmenntunar og starfsþjálfunar. Að námstilboð skólans höfði bæði til karla og kvenna.	Skólameistari Aðstoðarskólameistari	Kyngreind samantekt með upplýsingum um þátttöku í endurmenntun. Fylgjast markvisst með kynjahlutfalli á námskeiðum á vegum skólans. Fræðsla/ námskeið um jafnréttismál	Jafnréttisnefnd fer yfir stöðuna árlega í desember.

Kynferðisleg og kynbundin áreitni

Auka skal fræðslu um kynbundið ofbeldi, kynbundna- og kynferðislega áreitni til að stuðla að því að allt starfsfólk sé meðvitað um slík málefni og sé því líklegra til þess að koma auga á slík mál og bregðast við þeim þegar þau koma upp. Það er yfirlýst stefna FÍV að kynbundið ofbeldi sem og kynbundin- og/eða kynferðisleg áreitni er ekki liðin innan skólans.

- Allir starfsmenn eiga rétt á því að komið sé fram við þá af virðingu og að þeir sæti ekki kynbundins ofbeldis, kynferðislegri- eða kynbundinni áreitni.
 - Kynbundið ofbeldi er ofbeldi á grundvelli kyns sem leiðir til eða gæti leitt til líkamlegs, kynferðislegs eða sálræns skaða eða þjáninga þess sem fyrir því verður, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennda sviptingu frelsis, bæði í einkalífi og á opinberum vettvangi.
 - Kynferðisleg áreitni er kynferðisleg hegðun sem er ósanngjörn og/eða móðgandi og í óþökk þess sem fyrir henni verður. Kynferðisleg áreitni getur verið líkamleg, orðbundin eða táknræn.
 - Kynbundin áreitni er hvers kyns ósanngjörn og/eða móðgandi hegðun, sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk og hefur áhrif á sjálfsvirðingu þess sem fyrir henni verður. Áreitnin getur verið líkamleg, orðbundin eða táknræn.

Telji starfsfólk sig verða fyrir kynbundnu ofbeldi, kynferðislegri áreitni og/eða kynbundinni áreitni má t.d. leita til trúnaðarmanna eða jafnréttisfulltrúa eins og fram kemur í starfsmannastefnu skólans.

Markmið	Ábyrgð	Aðgerð	Eftirfylgni/tími
Kynbundið ofbeldi, kynferðisleg áreitni og kynbundin áreitni er ekki liðin í FÍV	Skólameistari Aðstoðarskólameistari	Allir eiga að vera meðvitaðir um að kynbundið ofbeldi, kynferðisleg- og/eða kynbundin áreitni er ekki liðin við skólann.	Stöðumat/árlega Jafnréttisfulltrúi kynnir málin fyrir jafnréttisnefnd í mars á hverju ári.

Starfsmannastefna

Jafnréttissjónarmið og leiðir til að vinna að jafnri stöðu kynjanna verða að vera virkur þáttur í starfsmannastefnu skólans. Í starfsmannastefnunni þarf meðal annars að taka mið af jafnrétti þegar fjallað er um líðan starfsfólks á vinnustað og starfsanda. Einnig þarf í starfsmannastefnu að vera ljóst hvernig starfsfólki er gert kleift að samræma starfsskyldur sínar og skyldur



Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

gagnvart fjölskyldu með sveigjanlegum vinnutíma, hlutastörfum eða annarri vinnuhagræðingu, eftir því sem við verður komið. Jafnréttisáætlun og starfsmannastefna skólans verða að vera samhljóma. Til að gæta jafnréttissjónarmiða tekur jafnréttisfulltrúi þátt í endurskoðun starfsmannastefnu og er það eitt af hlutverkum jafnréttisnefndar að vera til ráðgjafar við endurskoðunina.

3. hluti – Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum sem menntastofnun

Í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla eru skýr ákvæði um að á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál þar sem m.a. sé lögð áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi. Áherslu ber að leggja á að drengir og stúlkur eigi sem viðtækasta og jafnasta möguleika. Hvergi í skólastarfinu, í inntaki né starfsháttum, ættu að vera hindranir í vegi hvors kynsins. Mikilvægt er að í öllu skólastarfi, jafnt í kennslustundum sem í öllum samskiptum, séu þessi ákvæði jafnréttislaga höfð að leiðarljósi.

Jafnrétti í skólastarfi

Nauðsynlegt er að starfsfólk skólans gefi gott fordæmi, að það sé fyrirmyndir og stuðli að jafnrétti í orði og verki. Mikilvægt er að allir séu meðvitaðir um þann fjölbreytileika sem kann að vera til staðar í nemendahópnum og að allir séu virkjaðir í náminu. Jafnréttismiðuð kennsla gerir þá kröfu til kennara og annarra starfsmanna skólans að þeir haldi vöku sinni í jafnréttismálum. Jafnréttismiðuð kennsla felur meðal annars í sér að:

- valdar séu fjölbreyttar kennsluaðferðir
- skólinn sé vettvangur fyrir nemendur til þess að prófa sig áfram á ólíkum sviðum
- nemendur séu hvattir sérstaklega til dádá á sviðum sem eru hefðbundin fyrir annað kynið; piltar séu hvattir til dádá á dæmigerðum „stúlknasviðum“ og stúlkur séu hvattar til dádá á dæmigerðum „piltasviðum“. Þannig séu bæði kynin hvött til að taka „örugga áhættu“ við að draga menningarbundin kynjahlutverk í efa
- nemendum sé séð fyrir tækifærum til að hagnýta námið, til dæmis með því að samþætta þekkingu í námsgreinum og miðla henni til annarra á fjölbreyttan hátt
- haft sé í huga að stúlkur og piltar geti haft ólík áhugamál og ólíka lífsreynslu
- í námsgreinum, þar sem öðru kyninu gengur almennt betur, séu markvisst notaðar aðferðir og efni til að hvetja alla nemendur til dádá
- hlutir séu skoðaðir frá mörgum sjónarhornum og þar sem ólíkar heimildir eru notaðar sé þess gætt að vitna í sérfræðinga af báðum kynjum eftir því sem tók eru á
- augu séu opin fyrir hlutdrægni bæði í hegðun og námsefni og nemendum bent á leiðir til að koma auga á og vinna gegn misrétti
- ekki sé gert ráð fyrir að allir nemendur séu gagnkynhneigðir
- kennarar séu til fyrirmyndar um jafnréttissinnaða framkomu, til dæmis að stúlkur og piltar séu spurð álíka oft og þeim kennt af jafnmikilli dýpt og sérhæfingu.

Fræðsla fyrir nemendur

Nemendur skulu fá fræðslu um jafnrétti kynjanna. Í þeirri fræðslu skal leggja áherslu á styrkleika beggja kynja, skyldur beggja og réttindi. Stefnt skal að því að Hluti af jafnréttisfræðslu skólans á að taka fyrir mismunun sem byggir á aldri, búsetu, fötlun, kyni, kynhneigð, lífsskoðunum, menningu, stétt, trúarbrögðum eða þjóðerni. Nemendur fá þjálfun í að koma auga á og vinna gegn hvers konar misrétti.



Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Fjallað erum jafnrétti í ýmsum áföngum skólans, s.s. kynjafræði, félagsfræði, uppeldisfræði, sálfræði, sögu, lífsleikni og líffræði. Umræða um þessi mál koma einnig við sögu í ýmsum öðrum greinum s.s. í bókmenntaumræðum og í lesefni tungumála.

Þátttaka nemenda í skólastarfi

Gæta skal þess að nemendur af báðum kynjum komi fram fyrir hönd skólans og einnig skulu nemendur af báðum kynjum sitja í stjórn nemendafélagsins hverju sinni. Í nemendakeppnum á borð við Gettu betur skal hafa keppendur af báðum kynjum í liðinu og viðburðir og félagslíf nemenda skal skipulagt með virðingu og jafnrétti allra í huga.

Markmið	Ábyrgð	Aðgerð	Eftirfylgni/tími
Að allir nemendur hafi sömu tækifæri til náms.	Skólameistari Aðstoðarskólameistari Jafnréttisfulltrúi	Aðgengi að námi sé óháð kynferði.	Stöðumat/árlega Jafnréttisfulltrúi kynnir málin fyrir jafnréttisnefnd í mars á hverju ári.
Að námsframboð skólans höfði bæði til karla og kvenna.		Fylgjast markvisst með kynjahlutfalli í námi á vegum skólans.	
Jafnréttismiðuð kennsla.	Skólameistari Kennarar	Kennslan er jafnréttismiðuð. Könnun í einstaka áföngum.	Jafnréttisnefnd fer yfir stöðuna árlega í árslok.
Jafnréttismiðað félagslíf	Nemendafélag skólans Jafnréttisfulltrúi	Jafnt aðgengi að félagslífi	Jafnréttisnefnd metur stöðuna árlega þegar dagskrá nemendafélagsins liggur fyrir

Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni

Auka skal fræðslu um kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni og kynferðislega áreitni til að stuðla að því að nemendur sé meðvitaðir um slík málefni og séu því líklegri til þess að koma auga á slík mál og bregðast við þeim þegar þau koma upp. Þegar slík mál koma upp skulu nemendur upplýsa jafnréttisfulltrúa um þau svo hægt sé að koma þeim í réttan farveg. Það er yfirlýst stefna FÍV að kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni er ekki liðin.

- Allir nemendur eiga rétt á því að komið sé fram við þá af virðingu og að þeir sæti ekki kynbundnu ofbeldi, kynferðislegri- og/eða kynbundinni áreitni.
 - Kynbundið ofbeldi er ofbeldi á grundvelli kyns sem leiðir til eða gæti leitt til líkamlegs, kynferðislegs eða sálræns skaða eða þjáninga þess sem fyrir því verður, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennda sviptingu frelsis, bæði í einkalífi og á opinberum vettvangi.
 - Kynferðisleg áreitni er kynferðisleg hegðun sem er ósanngjörn og/eða móðgandi og í óþökk þess sem fyrir henni verður. Kynferðisleg áreitni getur verið líkamleg, orðbundin eða táknræn.
 - Kynbundin áreitni er hvers kyns ósanngjörn og/eða móðgandi hegðun, sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk og hefur áhrif á sjálfsvirðingu þess sem fyrir henni verður. Áreitnin getur verið líkamleg, orðbundin eða táknræn.

Telji nemandi að jafnrétti sé brotið í FÍV skal hann leita til jafnréttisfulltrúa sem í sameiningu finna hverju máli farveg.



Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Markmið	Ábyrgð	Aðgerð	Eftirfylgni/tími
Kynbundið ofbeldi, kynferðisleg áreitni og kynbundin áreitni er ekki liðin í FÍV	Skólameistari Aðstoðarskólameistari Jafnréttisfulltrúi	Allir nemendur eiga að vera meðvitaðir um að kynbundið ofbeldi, kynferðisleg- og kynbundin áreitni er ekki liðin við skólann. Nemendum ber að tilkynna jafnréttisfulltrúa verðu þeir vitni að kynbundnu ofbeldi, kynbundinni- eða kynferðislegri áreitni	Stöðumat/árlega Jafnréttisfulltrúi kynnir málin fyrir jafnréttisnefnd í mars á hverju ári.

Endurskoðun og samþykkt

Jafnréttisáætlun þessi er gerð í samræmi við 18. grein laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 þar sem kveðið er á um að leggja beri áherslu á að tryggja konum og körlum jafnan rétt. Hún er einnig mótuð með hliðsjón af jafnréttisáætlun mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Stjórnarráðs Íslands. Jafnréttisáætlun og jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu skólans skal endurskoða á þriggja ára fresti.

Jafnréttisáætlun þessi var endurskoðuð og samþykkt á kennarafundi þann 18. maí 2016

Síðast uppfært 16.nóvember 2016